

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Haustönn 2012

ENSKA 2C040 - 2. bekkur Raungreinasvið

Undanfari: ENS2B040

Kennarar:

Iain Peter Matchett, matchett@ma.is

Hrefna G. Torfadóttir, hrefna@ma.is

Lýsing á efni áfangans:

Nemendur auka við þekkingu sína á mismunandi menningarheimum þar sem enska er töluð. Farið er í margvíslegt efni sem tengist þessu, svo sem texta, hlustunarefni, margmiðlunarefni og fleira. Nemendur vinna meira sjálfstætt hvort heldur er í hópum eða að einstaklingsverkefnum og eiga að sýna fram á færni í notkun orðabóka og ýmissa annarra hjálpargagna. Þessi áfangi er sá síðasti þar sem farið er markvisst í málfræði og málfræðiæfingar. Í þessum áfanga verður einnig unnið með ýmis bókamenntaverk.

Lokamarkmið áfangans:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál

- uppbyggingu bókmenntatexta og hugtökum þeim tengdum
- flóknari og sértækari orðaforða sem tengist efni áfangans

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka virkan þátt í samskiptum og beita málfari við hæfi
- lesa lengri bókmenntaverk
- skrifa ritgerðir eftir frekari fyrirmælum um uppsetningu (inngangur, efnisyfning, meginmál og lokaorð)
- lesa texta sem byggja á sértækari orðaforða og snerta t.d. landafræði, bókmenntir, tækni o.fl.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja án teljandi vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni ef hann þekkir vel til þess
- lesa á milli línanna og átta sig á dýpri merkingu í texta
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt og beita tungumálinu af tiltölulega mikilli nákvæmni við margskonar aðstæður
- skrifa margskonar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsefni:

- *Total English Advanced*, JJ. Wilson with Antonia Clare
- *English Grammar in Use*, Raymond Murphy (without answers)
- *Hefti í afgreiðslu MA*
- Aukaefni frá kennara

<i>English Grammar in Use</i>		
1. Prepositions	Units 129-136	Pages 258-273
2. Passive	Units 42-46	Pages 84-93
3. -ing and the infinitive	Units 53-68	Pages 106-138
4. Phrasal Verbs	Units 137-140	Pages 274-281
5. Reported Speech	Units 47-48	Pages 94-97

Kennsluhættir

Farið verður vandlega yfir texta í *Total English Advanced*, verkefni við texta og málfræðiæfingar unnar. Fjallað verður munnlega um greinarnar og smásögurnar í heftinu unnin verkefni í tengslum við hvorttveggja. Lögð verður áhersla á talþjálfun. *English Grammar in Use* verður notuð vikulega. Ritunaræfingar verða gerðar og lögð áhersla á að kenna nemendur reglur ritgerðarsmíðar og skrifa nemendur tímaritgerð á önninni. Kennsluumhverfið Moodle verður notað.

Tímarnir fjórir í vikunni líða nokkurn veginn þannig:

- Tveir tímar verða notaðir til að fara yfir efni í *Total English* ásamt verkefnum ásamt ritun.
- Einn tími fer í *English Grammar in Use*
- Einn tími verður notaður greinarnar í heftinu og smásögurnar.

Nemendur setja öll verkefni sín í þunnar gatamöppu. Ekki er leyfilegt að vinna verkefni með því að skrifa svörin í Total English. Ljósrituð verkefni frá kennara eru einnig sett í þessa möppu.

Kennsluáætlun

- Vika 1: Kynning – byrjað á *Total English Advanced*
 Vika 2-14: *Total English Advanced, English Grammar in Use*, greinar, smásögur ásamt verkefnum og könnunum.
 Vika 15: Endum náð saman

Verkefni

- Vika 3: Könnun á lesskilningi
 Vika 5-14: Ýmsar kannanir ss. orðaforðakönnun eftir hvern texta í *Total English*
 Vika 12: Ritgerð
 Vika 13: Smásagnapróf

Námsmat

1. Vinnueinkunn gildir 25% einkunnar. Hér gilda smápróf og kannanir annarinnar, almenn frammistaða, t.d. hversu vel nemendur eru undirbúnir í tímum, gæði verkefnavinnu og þátttaka í umræðum.
2. Ritgerð 10% (í 12 viku)
3. Smásagnapróf 15% (í 13. viku)
4. **Skriflegt lokapróf gildir 50%.**

Réttur til breytinga áskilinn

Reglur enskudeildar um próf og skil á verkefnum

Allir nemendur eiga að skila verkefnum á skiladegi nema að fenginni undanþágu hjá kennara.

- o Stærri verkefni (ritgerðir, fyrirlestrar, verkefnamöppur (Study Folders) o.þh):
Hver dagur frá skiladegi sem ekki er skilað verkefni lækkar einkunn um einn heilan. Þegar þrjú skóladagar eru liðnir frá skiladegi tekur kennari ekki lengur við verkefnum.
- o Smærri verkefni (styttri heimaverkefni t.d. ritanir, stúlar, málfræðiverkefni o.þh.)
Nemandi skilar á skiladegi. Hámarksfrestur ef nemandi „gleymir“ verkefni er þar til kl. 16 næsta dag en þá dregst jafnframt einn heill af einkunn. Eftir það tekur kennari ekki við verkefninu.

- o Nemandi sem ekki mætir í próf/könnun sem gildir 5% eða meira tekur prófið/könnunina við fyrsta tækifæri og þarf að skila inn vottorði ekki síðar en viku frá prófdegi annars fær hann 0.
- o Ef eitthvað kemur uppá daginn áður eða jafnvel samdægurs vegna verkefnaskila þá á að láta kennara vita strax (t.d.í tölvupósti eða símleiðis). Kennari getur gefið frest ef honum þykir ástæða til. Að öðrum kosti gilda ofangreindar reglur um skil á stærri verkefnum.
- o **Nemendur í 1. bekk þurfa að ná 40 punktum af 100 í prófum sem gilda 50% og meira.**
- o **Nemendur í 2.- 4. bekk þurfa að ná 45 punktum af 100 í prófum sem gilda 50% og meira.**
- o **Í áföngum þar sem vægi lokaprófs er minna en 50% þarf nemandi að mæta í próf þótt vetrareinkunn hans sé yfir 5. Mæti hann ekki er hann sjálfkrafa fallinn á áfanganum.**